# Skipulags-og byggingarnefnd
Fundargerð

Fundur nr.102 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, fimmtudaginn 8.maí 2014 klukkan 15:00. Mættir eru nefndarmenn Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Gísli Kjartansson, Valgerður Erlingsdóttir, Björn Helgi Snorrason og Vigfús Þ. Hróbjartsson fulltrúi skipulags-og byggingarmála. Guðbrandur Magnússon mætti ekki til fundar .

**Mál utan auglýstrar dagskrár**
Fulltrúi skipulags-og byggingarmála óskar eftir leyfi til að bæta inn á áður auglýsta dagskrá eftirfarandi málum:

- Umsókn um framkvæmdaleyfi frálandeiganda Orustustaða vegna lagfæringar á vegslóða
- Umsókn um framkvæmdarleyfi frá Vegagerðinni vegna efnistöku úr námu N32.
- Beiðni frá Magnúsi Þorfinnssyni vegna aðalskipulagsbreytinga.

***Samþykkt.***

## Dagskrá:

## Byggingarmál:

1. **Seglbúðir – Geymsla**
   Helgi Björnsson 120152-4759 og Soffía Wedholm Gunnarsdóttir kt.131050-7399 sækja um byggingarleyfi fyrir byggingu geymsluhúsnæði við sumarhús í Stekkjadal í landi Seglbúða 163633 samkvæmt meðfylgjandi umsókn og uppdrætti.
   ***Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu***

2. **Hörgsdalur – Byggingarleyfi**
   Jón Pálmi Gunnarsson 020561-7349 sækir um byggingarleyfi fyrir 10 m2 gestahúsi lóð Hörgsdalur landnr.191484 samkv. meðfylgjandi uppdrætti.
   ***Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu.***

## Skipulagsmál:

3. **Stofnun lóðar – Klausturvegur 7B**
   Skaftárhreppur kt. 480690-2069 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar við Klausturveg 7B samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða stofnun lóðar lóðar í tengslum við landskipti óskipts lands Klausturjarða.
   ***Samþykkt. Allar lóðastofnanir skulu unnar í samráði við landeigendur og þjóðskrá Íslands***

4. **Stofnun lóðar – Klausturvegur 5A**
   Skaftárhreppur kt. 480690-2069 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar við Klausturveg 5B samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða stofnun lóðar lóðar í tengslum við landskipti óskipts lands Klausturjarða.
   ***Samþykkt. Allar lóðastofnanir skulu unnar í samráði við landeigendur og þjóðskrá Íslands***

5. **Stofnun lóðar – Iðjuvellir 1**
   Skaftárhreppur kt. 480690-2069 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar við Iðjuvelli 1 samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða stofnun lóðar í tenglsum við uppbyggingu sjálfsafgreiðslustöðvar Olís. Afmörkun lóðarinnar er samkv. deiliskipulagi í gildi frá 24.ágúst 2004.
   ***Samþykkt. Allar lóðastofnanir skulu unnar í samráði við landeigendur og þjóðskrá Íslands***

6. **Stofnun lóðar – Iðjuvellir 8**
   Skaftárhreppur kt. 480690-2069 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar við Iðjuvelli 8 samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða stofnun lóðar í tenglsum uppbyggingu á gámavelli og húsnæði honum tengdum. Afmörkun lóðarinnar er samkv. deiliskipulagi í gildi frá 24.ágúst 2004 með breytingum samþykktum í sveitarstjórn þann 14.janúar 2014,
   ***Samþykkt. Allar lóðastofnanir skulu unnar í samráði við landeigendur og þjóðskrá Íslands.***

7. **Stofnun lóðar – Kirkjubær 2 Tjaldsvæði**
   Benedikt Lárusson kt.190261-2989 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar á landi Kirkjubæjar 2 samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða stofnun lóðar í tenglsum við uppbygginu á rekstri tjaldsvæðis. Í kjölfar stofnunnar lóðar verður unnið deiliskipulag fyrir svæðið.
   ***Samþykkt. Allar lóðastofnanir skulu unnar í samráði við landeigendur og þjóðskrá Íslands. Nefndin bendir á að eini stækkunarmöguleiki Klausturhóla er inn á viðkomandi lóð sbr.gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Mælst er til þess að tekið verði tillit til þess við gerð lóðaleigusamnings viðkomandi lóðar.***

8. **Stofnun lóðar – Klausturvegur vatnsveita**
   Skaftárhreppur kt. 480690-2069 sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar við Klausturveg samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði. Um er að ræða stofnun lóðar í kringum vatnsveituskúr skráðan á landnúmer 163395 Kirkjubæ 1.
   ***Samþykkt. Allar lóðastofnanir skulu unnar í samráði við landeigendur og þjóðskrá Íslands.***

9. **Neyðarlínan - Rafstrengur Hörðubreiðarháls**
   Neyðarlínan sækir um framkvæmdarleyfi fyrir lagningu rafstrengs frá Búlandi upp á Hörðubreiðarháls samkvæmt meðfylgjandi umsókn og uppdrætti. Fyrir liggur skriflegt samþykki landeiganda Búlands.
   ***Samþykkt. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.***

10. **Orustustaðir – Framkvæmdaleyfi**
    Björn S. Lárusson fh. Hreiðars Hermannssonar sækir um framkvæmarleyfi fyrir endurbótum á vegslóða í landi Orustustaða samkvæmt meðfylgjandi umsókn og uppdrætti.
    ***Samþykkt.***

11. **Vegagerðin – Framkvæmdaleyfi**
    Vegagerðin kt.690269-2899 sækir um framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku að 1500 m3 úr námu merkt N32 Fagurhlíð í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.
    ***Samþykkt.***

12. **Hæðargarður – Aðalskipulagsbreyting**
    Í tengslum við vinnslu tillögu að aðalskipulagsbreytu á þéttbýlisuppdrætti Skaftárhrepps óskar Magnús Þorfinnsson eigandi Hæðargarðs að tekið verði til athugunar að skilgreint verði svæði

J.G. H

sunnan Skaftár í landi Hæðargarðs fyrir íbúðarbyggð eða miðsvæði. Tekið til umræðu í skipulags-og byggingarnefnd.
***Fulltrúa skipulags-og bygginarmála falið að skoða möguleika á skipulagningu svæðisins í samstarfi við Landmótun teiknistofu.***

Ekki fleira gert

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.16:43

J.G. H